

Reykjavík 15. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Þingskjal 152 — 152. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Í ljósi tillögunnar leggja Barnaheill - Save the Children á Íslandi til að gerð verði úttekt á búsetuformum barna í ljósi ákvæða um forsjá barna og réttinda þeirra til umgengni við foreldra sína sbr. barnalög. Eins og staðan er í dag er þekking á þessu brotakennd.

Samtökin leggja til að þessi atriði verði athuguð sérstaklega með tilliti til velferðar barna. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að við gerð slíkrar úttektar verði Samningurinn um réttindi barnsins, og þar með það sem barni er fyrir bestu, hafður að leiðarljósi. Í því sambandi vilja samtökin benda á nokkrar greinar sáttmálans sérstaklega;

- 2. grein samningsins kveður á um að ekki skuli mismuna börnum vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.
- Í 5. grein samningsins er tilgreint að foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning.
- Í 12. gr segir að aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er mikilvægt fyrir börn að eiga góð samskipti við báða kynforeldra sína og að þau geti umgengist þá báða. Í athugun á líðan og aðstæðum barna m.t.t. búsetu þarf að tryggja að sjónarmið barna komi fram.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi